

Samantekt athugasemda vegna auglýsingar

Urriðaholti Austurhluti, deiliskipulagsbreyting – Flóttamannavegur nr. 0376/2025

Deiliskipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum, deiliskipulagsbreyting Flóttamannavegur nr. 375/2025

Urriðaholt Norðurhluti 4. áfangi, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur, nr. 0386/2025

ásamt svörum sveitarfélagsins

03.06.2025

Kynningartími breytinga á deiliskipulagsáætlunum vegna Flóttamannavegar var 27.03.2025 - 8.05.2025

Hér eru teknar saman umsagnir/athugasemdir sem bárust við báðar deiliskipulagsbreytingarnar. Ef gerðar eru breytingar á tillögu í kjölfar umsagna/ábendinga þá eru þær undirstrikaðar í svörum sveitarfélagsins.

Á auglýsingatíma bárust umsagnir/ athugasemdir og ábendingar frá eftirfarandi aðilum:

1. Ingólfur Þór Ágústsson
2. Hafnarfjarðarkaupstaður
3. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
4. Golfklúbburinn Oddur
5. Veitur
6. Kópavogsbær
7. Vegagerðin – Höfuðborgarsvæði
8. Náttúruverndarstofnun

NR.	AÐILAR	EFNISATRIÐI	SVÖR SKIPULAGSNEFNDAR
SA	Samgöngur		
SA.1	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Breytingar á þessum kafla Flóttamannavegar felst í því að aðskilja akstursstefnur bæta við tveimur nýjum tengingum inn í Urriðaholtshverfi ásamt breytingum á núverandi gatnamótum inn að golfvelli. Gönguþverun sem fjarlægð verður norðan við deiliskipulagsmörk verður gerð við nýtt þriggja arma hringtorg við Urriðaholtsstræti. Á fundi Vegagerðarinnar með Garðabæ og ráðgjöfum var samþykkt að horfa til Ásvallabrautar í Hafnarfirði sem fordæmis við hönnun Flóttamannavegar. Aðskilja skal akstursstefnur þar sem sjónlengdir eru ekki fullnægjandi og hringtorg á Flóttamannavegi verða af sambærilegri stærð og lögun og á Ásvallabaut. Samfara þessum breytingum telur Vegagerðin að hæfilegur hámarkshraði verði 60 km/klst. Í samtali við Hafnarfjarðarkaupstað hefur komið fram að erfitt hefur reynst að halda raunhraða í 50 km/klst.	Það er mjög skýrt í umsögnum að Vegagerðin telur rétt að hámarkshraði á Flóttamannavegi sé 60 km/klst. Sjónarmið Kópavogs eru hins vegar skýr, um að leggja eigi áherslu á að takmarka hraða. Það hefur verið sjónarmið Garðabæjar að hámarkshraði sé ekki hærri en 50 km/klst. Vegagerðin hefur sett fram þá kröfu að vegurinn verði hannaður með aðskildar akstursstefnur, með 12 m breiðu þversniði og miðað við hönnunarhraða 70 km/klst. Vegur sem er hannaður miðað við slíkar forsendur getur haft leyfilegan hámarkshraða 60 km/klst. Sjónarmið Garðabæjar hefur verið að umferðarhraði á þessum kafla eigi að vera lægri. Í dag er Flóttamannavegur með leyfilegan hámarkshraða 50 km/klst. og eru annmarkar á vegferlum og þversniði hans. Á köflum eru skertar sjónvegalengdir og krappar beygjur sem gera veginn óöruggan. Miðað við aðstæður í dag er ekki ráðlagt að hraði verði hækkaður úr 50 km/klst. í 60 km/klst eins og Vegagerðin mælir með, auk þess sem Flóttamannavegur liggur á þessum kafla um þéttbýli í Garðabæ.
SA.6	Kópavogsbær	Vegna breytingar á vegkafla Flóttamannavegar leggur Kópavogsbær „áherslu á að breidd og hönnun vegar stuðli að því að takmarka hraða og að stuðlað verði að umferðaröryggi á og við veginn, ekki síst fyrir óvarða vegfarendur. Í minnisblaði VSÓ frá 9. maí 2023 kemur fram að þautelj að „breiðari vegur muni leiða til aukins hraða og þar með aukinni eftirspurn ökutækja, og aukinnigegnumstreymisumferð um Vatnsendaveg og Vífilsstaðahverfið. Breiðari vegur mun þar með hafaneikvæð áhrif á hljóðvist og ásýnd“. Þá bendir VSÓ á að „æskilegra væri, í ljósi þess hversu vinsæltsvæðið er til útivistar og hjólríða, að leita leiða til að ná fram bættu öryggi á þeim kafla þar sem slysátíðnin er mest, án þess að breikka veginn“.	Vegagerðin mælir með því að horfa til Ásvallabrautar í Hafnarfirði sem fordæmi við hönnun Flóttamannavegar. Hámarkshraði á Ásvallabaut þar sem hann liggur í þéttbýli er 40 km/klst og á þeim kafla eru gönguþveranir bæði í plani og í undirgöngum. Þegar þéttbýlinu sleppir er hámarkshraði 50 km/klst. Ef horfa skal til Ásvallabrautar sem fordæmis við hönnun Flóttamannavegar þá væri æskilegt að umferðarhraði á milli hringtorga við golfvöllinn og Urriðaholtsstræti væri 40 km/klst þar sem vegurinn liggur um þéttbýli. Í deiliskipulaginu mun koma fram það sjónarmið Garðabæjar að æskilegt sé að hámarkshraði á Flóttamannavegi á þessum kafla sé ekki hærri en 50 km/klst í ljósi þess að hann liggur á þessum kafla um þéttbýli með byggð á aðra hönd og útivistarsvæði/golfvöll á hina. Miðað við þær aðstæður er ekki ráðlagt að vera með hærri umferðarhraða en 50 km/klst. Er það til samræmis við aðliggjandi deiliskipulag „Vífilsstaðahraun, Maríuhellar og Vatnsmýri“ sem var staðfest 2023 sem segir þetta um Flóttamannaveg norðan Maríuhella :“ Vegurinn þarfnast gagngerra endurbóta af öryggissjónarmiðum. Veginn skal endurhanna á kafla miðað við skilnaðan hraða 50 km/klst. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði 7 m breiður með 0,5 metra öxlum á báðum vegköntum.“
SA.2	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Vegagerðin leggur áherslu á að samfara þessari breytingu á Flóttamannavegi sé aðgengi fyrir alla bætt með því að bæta við betri stígum fyrir gangandi og hjólandi. Afar æskilegt er að tryggja rými fyrir stofnhjólástíg meðfram veginum. Vegagerðin hefur unnið með Garðabæ frá miðju ári 2024 við að hanna undirgöng undir Flóttamannaveg til að veita örugga þverun milli Urriðaholts og golfvallar og nærliggjandi útivistarsvæða. Lagt var upp með að	Stígur liggur meðfram Urriðaholtinu, í vesturkanti Flóttamannavegar. Stígurinn er 3ja metra breiður og gert ráð fyrir að hann sé fyrir gangandi og hjólandi. Áætluð eru undirgöng á þessum kafla á Flóttamannavegi við gatnamót við golfvöll Odds og við Maríuhella. Ef breikka ætti þennan stíg þá þyrfti á köflum að færi hann inn fyrir öryggissvæði vegarins og/eða skerða hljóðmanir.

		hanna einföld undirgöng fyrir gangandi eingöngu og átti þetta að vera tiltölulega fljótleg aðgerð.	„Sé hjólreiðamönnum ætlað að deila stíg með gangandi án nokkurs aðskilnaðar er um göngustíg að ræða og hjólreiðamenn í raun gestir á stígunum og ber þeim samkvæmt umferðarlögum að taka fullt tillit til gangandi vegfarenda og víkja fyrir þeim. Æskilegt er að hönnunarkröfur sameiginlegs stígs gangandi og hjólandi séu sambærilegar og kröfur til hjólastígs hvað varðar halla, beygjuradíusa og sjónlengdir.“ Við ákvörðun á breidd stígsins er mikilvægt að horfa til áætlaðs fjölda gangandi og hjólandi. Umferð á þessum kafla er ekki talin gefa tilefni til þess að aðskilja leiðir út frá viðmiðum í hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar . Ef tilefni gefur til síðar, þá gæti þetta verið skoðað.
SA.7	Kópavogsbær	Þar sem vegurinn liggur í gegnum vinsælt útivistarsvæði leggur Kópavogsbær áherslu á að hjólastígarverði meðfram Flóttamannavegi. Algengt er að hjólreiðafólk fari um veginn og til að aukaumferðaröryggi er mikilvægt að góðir hjólastígar verði meðfram. Í minnisblaði frá 9. maí 2023 bendir VSÓ á að fólk á reiðhjóli velji að hjóla veginn sjálfan vegna þess að umferð sé ekki of hröð. Ef umferð um veginn verður hraðari breytast forsendur og mögulega velur hjólreiðafólk síður að hjóla veginn. Ef umferð um veginn verður hraðari er mikilvægt að hjólastígar verði meðfram til að koma til móts við þetta.	Græna stígunum í Græna trefli höfuðborgarsvæðisins er í aðalatriðum ætlað að vera þessi hjólastígatenging sem kallað er eftir í umsögnum við deiliskipulagstillöguna og sérstaklega á þessum kafla meðfram Flóttamannavegi. Um þetta er fjallað í yfirstandandi endurskoðun á stígakerfi í aðalskipulagi Garðabæjar. Segja má að hann sé þegar til staðar austan við Urriðavatn, á austurjaðri íbúðarbyggðar í Urriðaholti og í legu aflagðs reiðvegar frá Urriðaholti að Vífilsstaðavatni.
	Vegagerðin	Með tilkomu skipulagsbreytingar sem þessi umsögn fjallar um er tækifæri komið til að endurskoða þessa hönnun og bæta aðgengi að undirgöngunum[við gatnamótin við golfvöllinn] og öryggi. Einnig er mælt til þess að göngin verði hönnuð með alla virka ferðamáta í huga.	Með nýrri og breytttri legu vegarins verður hönnun undirganga við golfklúbbinn Odd endurskoðuð.
SA.3	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Samkvæmt Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.	Veghelgunarsvæði eru sýnd á uppdráttum og miða við stöðu Flóttamannavegar í skipulagi þar sem hann er tengibraut. Er það í samræmi við gildandi deili- og aðalskipulag.
SA.4	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Þar sem skipulagsáætlunin innifelur verulegar breytingar á stofn- og tengivegum skal deiliskipulagið sæta umferðaröryggismati hjá Vegagerðinni skv. reglugerð nr. 899/2011. Umferðaröryggismat er skipuleg samanburðargreining á áhrifum nýs vegar, eða verulegra breytingar á núverandi vegakerfi, á umferðaröryggi. Æskilegt er að leggja fram fleiri en eina tillögu til að samanburður komi fram við annað en núverandi ástand.	Framkvæmdin við Urriðaholtsstræti hefur nú þegar verið send í umferðaröryggisrýni. Framkvæmd umferðaröryggismats er á ábyrgð veghaldara en vegurinn er í umsjón Vegagerðarinnar.
SA.5	Hafnarfjarðarkaupstaður	Jákvætt er að gönguleið er sett í göng við golfvöllinn, æskilegt væri að gera göng einnig við hringtorgið sem er norðar. Ef þvera á í plani væri kostur að miðeyjan sé stærri á þeim stað þannig að smá hlé sé fyrir gangandi.	Eftir skoðun á útfærslu gönguleiðar við hringtorgið þá er niðurstaðan að setja þverun í plani við hringtorgið og að miðeyjan verði notuð fyrir hlé fyrir gangandi. Þverunin var sýnd þannig í auglýstu skipulagi. Einnig má þess geta að í deiliskipulagi Vífilsstaðahreuna er gert ráð fyrir undirgöngum eða brú yfir Flóttamannavegin við Maríuhella.

SA.6	Kópavogsbær	Kópavogsbær leggur áherslu á að góð vegtenging verði frá Flóttamannavegi um Vífilstaðaveg við Reykjanesbraut. Mikilvægt er að farið verði í mótvægisáðgerðir til að draga úr gegnumstreymisumferð um íbúðahverfi Kópavogsbæjar.	Umsögn er móttækin en fjallar um svæði utan deiliskipulagsbreytinga.
SA.7	Kópavogsbær	Á síðustu árum hefur skipulagi í Urriðaholti verið breytt með það fyrir augum að fjölga íbúðum ásvæðinu. Einnig hefur íbúðum í Vífilstaðalandi/Hnoðraholti verið fjölgað á síðustu árum. Það á viðum eina þeirra breytinga sem hér um ræðir (2) þar sem íbúðum er fjölgað um 32. Kópavogsbærbendir á að þessi og aðrar breytingar eru líklegar til að fjölga ferðum um Flóttamannaveg og Elliðavatnsveg með tilheyrandi áhrifum á umferð um hverfi Kópavogsbæjar.	Deiliskipulagsbreyting fyrir Urriðaholtsstræti 1-7 – Urriðaholt Norður 4. Áfangi nr. 388/2025 var í kynningu á sama tíma og þær breytingar sem hér eru til umfjöllunar vegna Flóttamannavegar. Að breyta atvinnuhúsnæði í húsnæði fyrir íbúðir minnkar umferðarsköpun og hefur haft þau áhrif að umferðarspá fyrir Urriðaholtsstræti gerir ráð fyrir verulega minni umferð. Það ætti að hafa jákvæð áhrif.
SA.8	Kópavogsbær	Þá leggur Kópavogsbær áherslu á að þær breytingar sem skipulagsáætlanir gera ráð fyrir verði keyrðar í gegnum samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins svo hægt verði að koma auga á möguleg neikvæð áhrif sem breytingar kunna að hafa og skoða í framhaldinu hvaða mótvægisáðgerðir geti komið til	Tenging Urriðaholts við Flóttamannaveg hefur lengi verið í bæði deiliskipulagi og aðalskipulagi Garðabæjar. Auglýstar breytingar á deiliskipulagi gera því ekki ráð fyrir neinni breytingu á tengingu Urriðaholts og Flóttamannavegar. Í nýlegri keyrslu á samgöngulíkani (2024) þar sem verið var að skoða áhrif þess á umferð í Urriðaholti að opna fyrir umferð út á Flóttamannaveg um Urriðaholtsstræti og Holtsveg, sýndi líkanið að fjöldi þeirra sem nýta sér tengingar við Flóttamannaveg yrðu 700 ökutæki á sólarhring. Meirihluti þeirrar umferðar færi um Flóttamannaveg í átt að Hafnarfirði skv. líkaninu. Tenging Urriðaholts við Flóttamannaveg hefur oft sinnið verið keyrð í gegnum samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins. Þær breytingar sem gerðar eru á Flóttamannaveg skv. auglýstum deiliskipulagsbreytingum gefa ekki tilefni til nýrra keyrslna á samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins.
SA.9	Ingólfur Þór Ágústsson	Ég bý í Hraungötu í Urriðaholtinu og bíð spenntur eftir að tengingar úr hverfinu verði opnaðar út á Flóttamannaveg. Nú sé ég að ekki verður hægt að beygja til vinstri af Holtsveginum inn á Flóttamannaveg samkvæmt núverandi tillögu og ekki hægt að beygja til vinstri inn Holtsveginn frá Hafnarfirði. Mig langar að vita hver ástæðan fyrir því er. Það sem mögulega gæti gerst miðað við núverandi tillögu er að umferð út úr hverfinu í átt að Reykjavík frá Kinnargötu, Hraungötu og Holtsvegi muni fara um frekar þrönga Maríugötu eða Lindastræti fram hjá skólanum til að komast í hringtorgið við Urriðaholtsstræti. Sama er að segja um umferð frá Hafnarfirði og fyrir kylfinga sem eru á bilum frá Oddi inn í hverfið. Væri hægt að skoða að setja heldur hringtorg við Holtsveginn eða amk að leyfa vinstri beygjur bæði út úr hverfinu sem og inn í það frá Hafnarfirði og golfklúbbnum Oddi?	Umferðarskipulag innan Urriðaholts miðar við að Urriðaholtsstræti sé aðal tengingin úr hverfinu að Flóttamannavegi. Hönnun Holtsvegar, Maríugötu og Lindastrætis miðar við að þar sé hæg umferð. Flóttamannavegur er vegur í umsjá Vegagerðarinnar þar sem umferðarspár sýna að þar geti orðið allt að 7.000 ökutæki árið 2040. Í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar kveður á að vegur sem ber slíka umferð þurfi að vera með 12 m breitt þversnið (B12) og fjarlægð milli plangatnamóta megi ekki vera minni en 600 m. Milli gatnamóta við golfvöllinn Odda og Holtsvegar eru 220 m og milli Urriðaholtstrætis og Holtsvegar eru tæplega 380 m. Með tilliti til Veghönnunarreglna er því ekki unnt að setja gatnamót við Holtsveg. Hins vegar má þar vera tenging, líkt og hægri inn/hægri út er. Með tilliti til þessa var ákveðið að hafa hringtorg við golfklúbbinn Odda svo að íbúar sem eiga leið um Holtsveg og til norðurs Flóttamannaveg geti snúið við á hringtorgi við Odda.

SA.10	Golfklúbburinn Oddur.	Bent er á að mikilvægt er að tekið sé tillit til öryggis kylfinga og vegfarenda bæði á meðan framkvæmdum stendur og eftir að þeim lýkur. Áhersla lögð á að frágangur eftir framkvæmdir verði vandaður og í samræmi við það mikla starf sem hefur verið unnið við útlit og ásýnd íþróttasvæðisins.	Garðabær tekur undir þessar ábendingar.
VE	Veitur		
VE.1	Veitur	Meðfram Flóttamannaveg liggur háspennustrengur rafmagns í eigu Veitna. Umræddur strengur er endastrengur og þjónar Golfklúbbs Odds. Þar sem strengurinn er endapunktur í kerfinu er nauðsynlegt að tryggt sé að ekki verði rof í afhendingu rafmagns á meðan á framkvæmdum stendur. Veitur benda einnig á skáp fyrir afhendingu á hitaveitu til Golfklúbbsins. Skápurinn er staðsettur á gatnamótum Flóttamannvegjar og aðkomuvegar að golfvelli. Að skápnunum liggur hitaveitulögn sem þverar Flóttamannaveg. Mikilvægt er að Veiturnar komi að verkefninu í samráði við Garðabæ og framkvæmdaraðila, bæði við undirbúning og á framkvæmdartíma. Ljóst er að flutningur eða verndun strengsins, hitaveituskáps og lagna mun hafa í för með sér kostnað og því þarf að liggja fyrir hver ber ábyrgð á slíkum breytingum, ásamt tímasetningu og umfangi. Veitur gera þær kröfur að rekstraröryggi strengsins sem þjónar Golfklúbbs Odds sé tryggt í öllu ferlinu og að Veiturnar fái fullnægjandi aðkomu að undirbúningi og framkvæmdum. Nánara samráð er nauðsynlegt svo unnt sé að skipuleggja mögulegar færslur eða aðrar aðgerðir til að tryggja órofna afhendingu rafmagns og hitaveitu.	Garðabær og framkvæmdaraðili verða í sambandi við Veitur við næstu skref.
N	Náttúra		
N.1	Náttúruverndar stofnun	Náttúruverndarstofnun bendir á að við mörk þess svæðis sem deiliskipulagsbreytingin tekur til liggja fólkvangarnir Maríuhellar og Urriðakotshraun og rétt væri að mörk þeirra verði sett fram á uppdrættideiliskipulagsins.	<u>Mörk fólkvanga verða sett á deiliskipulagsuppdrátt.</u>